

4. gr.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

VIÐAUKI I

Skilgreining á réttindaflokkum í vinnuvélaskírteini.

- A Staðbundnir kranar, byggingarkranar.
- B Farandkranar stærri en 18 tm.
- C Brúkranar.
- D Kranar minni en 18 tm.
- E Gröfur þyngri en 4.000 kg.
- F Hjólaskóflur.
- G Jarðýtur.
- H Vegheflar.
- I Dráttarvélar og minni jarðvinnuvélar.
- J Lyftarar með allt að 10 t lyftigetu.
- K Lyftarar með meira en 10 t lyftigetu.
- L Valtarar.
- M Malbikunarvélar.
- P Hleðslukranar minni en 18 tm.

GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.**

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorp-hreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir og skal innheimta með fasteignagjöldum:

		kr.
A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði:	Sorphirðugjald á íbúð	8.100
B) Fyrirtæki, stofnanir, félag og aðrir lögaðilar:	Sorpeyðingargjald	0
Flokkur 1	"	16.200
Flokkur 2	"	32.400
Flokkur 3	"	64.800
Flokkur 4	"	97.200
Flokkur 5	"	162.000
Flokkur 6	"	226.800
Flokkur 7	"	372.600
Flokkur 8	"	

Flokkur 9	Sorpeyðingargjald	kr. 567.000
Flokkur 10	"	745.200
Flokkur 11	"	15 kr/kíló

Bæjarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu svo sem kostur er mið af umfangi starfsemi og sorpgerð. Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra lögaðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mun setja sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjalddögu bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjalddögu með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 28/1998.

Umhverfisráðuneytinu, 8. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).